# Aðalfundur SKA 2026

**Fimmtudagur 28. maí 2026**
**Kl. 20:00–22:00**

## Fundardagskrá til birtingar

1. Setning aðalfundar SKA
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar félagsins
5. Ákvörðun um félagsgjald
6. Kosning í stjórnir
7. Önnur mál

---

# FUNDARDAGSKRÁ

## 1. Fundarsetning – 20:00

Fannar Gíslason formaður SKA býður gesti velkomna á aðalfund SKA 2026 og lýsti fundinn settann.

Tillaga lá fyrir um að Kristrún Lind Birgisdóttir yrði fundarstjóri og Andri Heiðar Ásgrímsson fundarritari. Var það samþykkt með lófaklappi.

## 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara – 20:02

Kynnt var dagskrá fundarins og fundinum boðið að koma fleiri málum á framfæri undir “Önnur mál”. Engu var bætt við.

Fundargestir voru 39 talsins sem og stjórn.

Gestum var boðið að þiggja kaffi, vatn eða aðra drykki sem í boði voru.

| **Dagskrárliður** | **Hámark** |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar | 25 mín |
| Reikningar | 15 mín |
| Lagabreytingar | 10 mín |
| Kosningar | 10 mín |
| Önnur mál | 40 mín |

# 3. Skýrsla stjórnar – 20:05

Skýrsla stjórnar og undirnefnda voru kynntar. Hver deild hafði 5 mínútur til að kynna sína skýrslu. Skýrsluna í heild sinni mátti nálgast á viðburðinum í Abler og verður svo aðgengileg inná heimasíðu SKA.

1. Aðalstjórn, Fannar Gíslason
    a. Fannar talaði um aðstöðumál í Hlíðarfjalli, uppfært snjóframleiðslukerfi og aukin afköst. Snjóframleiðsla hófst í október sem er fyrr en nokkru sinni áður.
    b. Hann kom inná fjölgun iðkenda.
    c. Styrktaraðilum hefur fjölgað
    d. Umfjöllun um félagið var meiri en áður
    e. Fjölgun í þeim hópi sem greiðir félagsgjöld. Þakkaði hann þeim fyrir stuðninginn.
    f. Nefndi val SKA á skíðamanni og skíðakonu ársins á haustmánuðum - Einar Árna Gíslason Skíðagöngu og Sonju Lí Kristinsdóttur alpagreinum. Fengu þau Bellubikarinn sem farandbikar.
    g. Virkir félagar í SKA í vetur voru 350. Iðkendafjöldi tvöfaldast síðastliðin þrjú ár.
    h. Ársskýrslu SKA má nálgast á heimasíðu SKA

2. Alpagreinanefnd, Gunnar Halldórsson

    a. Gunnar kynnti breytingar á alpagreinanefnd - Hugrún Þorvaldsdóttir stígur til hliðar og Inga Bryndís Bjarnadóttir kemur í hennar stað. Mikil ánægja var með þjálfarahópinn og veturinn í heild sinni. Flestir þjálfarar ætla að halda áfram. Mikil fjölgun hefur orðið á iðkendum. Gunnar talaði um mót vetrarins sem voru allnokkur og gengu vel. Góðar bætingar hafi verið á FIS stigum. SKA átti keppanda á Ólympíuleikunum og erum við stolt af því. Gunnar nefndi einnig mál iðkenda sem æfa með SKA en eru skráð í önnur félög og telur tímabært að skoða það fyrirkomulag m.t.t æfingagjalda.
    b. Skýrslu alpagreiinanefndar má nálgast í heild í Ársskýrslu SKA

3. Brettanefnd, Kristrún Lind Birgisdóttir
    a. Kristrún Lind tilkynnti að hún stígi til hliðar sem formaður Brettanefndar og að Erika Jensen taki við formannsstöðu og gengur inní stjórn SKA.
        i. Kristrún talaði um öfluga starfsemi brettadeildar í vetur þrátt fyrir fáar æfingar í fjallinu.
        ii. Iðkendur voru 60 talsins.
        iii. Nefndin hélt 30 fundi á tímabilinu og ætluðu sér stóra hluti.
        iv. Unnið var að bættri aðstöðu við skautahöllina og fóru margar æfingar fram þar.
        v. Draumur deildarinnar er frekari uppbygging fyrir aftan skautahöllina. Þar hélt deildin í vetur m.a. “Áramóta-djamm” - freestyle mót sem heppnaðist gríðarlega vel, sem og FIS mót(slope style).
        vi. Kristrún talaði um innviðaskuld væri til staðar og mikil þörf á áframhaldandi uppbyggingu.
        vii. Kristrún hrósaði kraftmiklum foreldrum fyrir sína þátttöku í vetur
        viii. Skýrslu Brettanefndar má nálgast í heild í Ársskýrslu SKA

4. Skíðagöngunefnd, Sigrún María Bjarnadóttir
    a. Kári Jóhannesson las upp skýrsluna
        i. Æfingar 3x í viku í fyrrasumar - svokallaður sumarhópur
        ii. Haustæfingar gengu vel og byrjuðu æfingar um miðjan október á snjó
        iii. Gengur illa að fá inn nýliða - sérstaklega yngri krakka
        iv. Tóku þátt í Litlu skíðavinirnir

v. Talaði um Súlur vertical sem gekk vel en frestun mótsins hafði áhrif á þátttöku
vi. Hæfileikamótun í júní framundan
vii. Einar Árni valinn í landsliðið í Skíðagöngu
viii. Nefndi skíðaskotfimi - þarf að pæla í fyrirkomulaginu. Viðrar hugmyndina að því að stofna þurfi sér nefnd í kringum það.
ix. Kom inná aðstöðumál - aðstaðan óásættanleg og sprungin utan af deildinni. Pláss uppurið í skálanum.
x. Skýrslu Skíðagöngunefndar má nálgast í heild í Ársskýrslu SKA

5. Andrésar Andarnefnd, Fjalar Úlfarsson
    a. Kristinn Magnússon hættir í nefnd
    b. 24 fundir hjá nefndinni - mikið lagt undir og umgjörð stærri en nokkru sinni áður
    c. Mikill umfjöllun - mikill meðbyr með Andrés og SKA
    d. Fóru yfir 1000 keppendur
    e. Fjárhagslega gekk vel - Andrésarleikarnir greiða SKA 5 milljónir, önnur verkefni styrkt um 2 milljónir
    f. Breytingar varðandi Andrés á næsta ári - kynntar stjórn og nefndum seinna. Hugsað til að auðvelda mótshald.
    g. Þakkar sjálfboðaliðum og imprar á miikilvægi þeirra í Andrésarleikunum
    h. Skýrslu Andrésarnefndar má nálgast í heild í Ársskýrslu SKA

6. Barna og unglinganefnd, Hrefna
    a. Í Barna- og unglinganefnd voru 3 meðlimir í vetur. Magnea og Þórgunnur hætta en Hrefna heldur áfram. Nefndin hefur haft í nógu að snúast í vetur:
        i. Panta verðlaun fyrir innanhúsmót: Samherji sá um verðlaun og Góa styrkti um egg fyrir páskaeggjamót
        ii. Utanumhald á Jónsmóti - gisting
        iii. Sáu um skipulag og skráningu á páskaeggjamótinu sem fór fram við frábærar aðstæður
        iv. Pöntun á peysum og derhúfum
        v. Pizzahlaðborð á Andrésarleikunum - metþátttaka
        vi. Lokahóf: Sundlaugarpartý við Strýtuskála

vii. Skýrslu Barna- og unglinganefndar má nálgast í heild í Ársskýrslu SKA

## 4. Reikningar félagsins lagðir fram – 20:30

- Haraldur Örn Hansen fer yfir ársreikning
  - Mesta breyting “aðrar tekjur”: hlutur iðkenda í ferðakostnaði(Austurríki)
  - Mikið um tækjakaup - 6 milljónir.
    - Skíðagöngubretti
    - Tímatökubúnaður
    - Stangir
    - Úlpur á þjálfara
  - Andrésarleikarnir nefndir og mikilvægi þessa stærsta skíðamóts landsins fyrir rekstur SKA.
- Umræður: Engar
- **Ársreikningur samþykktur af meirihluta fundargesta**
- Ársreikninginn er aðgengilegur á heimasíðu SKA:

## 5. Lagabreytingar – 20:40

- Fannar Gíslason kynnti tillögur að nokkrum lagabreytingum sem samþykktar voru af meirihluta fundargesta

## 6. Ákvörðun um félagsgjald – 20:50

- Tillaga stjórnar er óbreytt frá því í fyrra
  - Félagsgjald 4.500kr
  - Rífleg félagsgjöld 9.900kr
  - Félagsgjöld í hverjum mánuði 1.000kr
- **Samþykkt**

## 7. Kosningar – 21:00

Samkvæmt lögum hafa aðeins foreldrar sem greiða æfingagjöld og aðrir félagsmenn sem hafa greitt félagsgjöld. Bent var á að hægt væri að ganga frá greiðslu núna ef einhverjir væru með ógreidd félagsgjöld - lagt inn á reikning félagsins eða greitt á abler.

## Stjórn

Formaður Fannar Gíslason, varaformaður Halla Sif Guðmundsdóttir, ritari Andri Heiðar Ásgrímsson og gjaldkeri Haraldur Örn Hannsen gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Í stjórn sitja einnig einn fulltrúi úr hverri sérgreinanefnd sem skipaður er af viðkomandi nefnd. Fyrir hönd alpagreinanefndar er það Gunnar Halldórsson og fyrir hönd skíðagöngunefndar er það Sigrún María Bjarnadóttir sem jafnframt gefur áfram kost á sér. Fyrir hönd brettanefndar er það Kristrún Lind Birgisdóttir sem stígur nú frá borði og Erika Jensen tekur við formennsku nefndarinnar.

**Meirihluti fundarins samþykkir með lófaklappi.**

## Brettanefnd

- Erika Jensen tekur við Kristrúnu sem formaður
- Ágúst Guðmundsson heldur áfram sem ritari
- Ævar Jónsson heldur áfram sem gjaldkeri
- Tómas Orri Árnason kemur nýr inn
- Pláss fyrir einn í viðbót en enginn bauð sig fram
    - **Samþykkt með lófaklappi**

## Alpagreinanefnd

- Hugrún Ásdís Þorvaldsdóttir hættir
- Inga Bryndís Bjarnadóttir kemur inn
    - **Samþykkt með lófaklappi**

## Skíðagöngunefnd

- Óbreytt
    - **Samþykkt með lófaklappi**

## Andrésarnefnd

- Kristinn Magnússon hættir, enginn inn í staðinn
    - **Samþykkt með lófaklappi**

## Barna og unglinganefnd

- Magnea og Þórgunnur hætta
- Hrefna Dagbjartsdóttir situr áfram og myndar starfhæfa nefnd samkvæmt handbók og í samstarfi við stjórn næstkomandi haust.

### Að lokinni kosningu

- Fráfarandi stjórnar- og nefndar meðlimir kallaðir upp og fengu blóm og þakkað fyrir vel unnin störf.

## 8. Önnur mál – 21:10 -

### 8.1 Litlu Skíðavinirnir (Halla Sif) - 3 mín

- Stutt staða mála
  - Fór í stórum dráttum yfir gang verkefnisins.
  - Mikil þátttaka sjálfboðaliða sem skipti öllu máli og þeim þakkað fyrir.
  - Mikil almenn ánægja með verkefnið og mikil umfjöllun.
  - Skiluðu sér ca 9-10 börn í Andrésarskólann úr þessum hópi
- Næstu skref
  - Breyting á næsta ári: Hólmasól verði áfram boðið á gönguskíði en stefnan sé að bjóða öllum leikskólum Akureyrar í skíðakennslu í tvö skipti. Stefnum á að bjóða Akureyrarbæ verkefnið þ.s þetta verður ekki gert í sjálfboðavinnu

### 8.2 Aðstöðumál - félagsaðstaða í kjallara (Halla Sif) - 5 mín

- Halla fór yfir stöðu mála í þeirri framkvæmd sem nú er hafin á neðri hæð skíðahótelsins þar sem SKA fær félagsaðstöðu. Neðri hæðinni verður breytt svo um munar, þar verða m.a. búningsherbergi sem og salur sem nýtist sem bæði nestisaðstaða og fundarsalur(t.d. fyrir videófundi). Halla benti á að aðstaðan muni nýtast félaginu vel núna sem síðar.

### 8.3 Skíðaþing 2026 - 1 mín

- Upplýsa félagsmenn um að þing verður haldið á AK dagana 9-10.október
  - Haldið í Drift
  - SKA mun standa að því.
  - Fundargestur bendir stjórn á að leggja höfuðið í bleyti varðandi hugmyndir af verðugum gull- og silfurmerkjahöfum sem yrðu heiðraðir á þinginu.

### 8.4 SKA x Hlíðarfjall x Akureyrarbær (Fannar og Halla Sif)

- Á aðalfundi SKA leggur formaður til að fundurinn samþykki að stjórn SKA undirbúning og samningaviðræður um rekstur Hlíðarfjalls við Akureyrarbæ.
  - Hefja samningaviðræður við Akureyrarbæ
  - Stjórnin vinnur rekstraráætlun með því að leita til sérfræðinga,Akureyrarbæjar og fulltrúa íþróttafélaga sem hafa reynslu af slíkri vinnu.
  - Verklagsreglur mótaðar og aðlagaðar að því sem til er á grunni starfsemi Hlíðarfjalls.
  - Samningsdrög mótuð

- Rekstur Hlíðarfjalls færist yfir til SKA við undirritun rekstrarsamnings. Lagt verði upp með að fyrstu tvö árin eru þróunarverkefni þar sem báðir aðilar geta stigið út úr verkefninu.
  - Þrír samningar verða unnir á þessum tveimur árum:
    - Þjónustusamningur vegna iðkenda (Dæmi: Þjónstusamningur GA)
    - Rekstrarsamningur um rekstur á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli.
    - Uppbyggingarsamningur um uppbyggingu á tækjum og aðbúnaði í Hlíðarfjalli (Dæmi: Uppbygginasamningur GA) sem tæki gildi ekki síðar en 2028 og gilti til 20 ára.
- Allt eignarhald er hjá Akureyrarbæ – rekstrinum er útvistað til SKA ehf.
- **Tillaga að bókun:** Aðalfundur SKA samþykkir að fela stjórn SKA að hefja undirbúning og samningaviðræður við Akureyrarbæ um rekstur Hlíðarfjalls. Á tímabilinu verði unnið að þjónustusamningi, rekstrarsamningi og og á seinni stigum uppbyggingarsamningi. Boðað verður til félagsfundar þegar og ef samningar liggja fyrir.
- Bókun lesin upp og gengið til atkvæðagreisölu: **Samþykkt af miklum meirihluta**

# 9. Fundarslit – 22:00

Fundargestum þakkað fyrir góðan fund og gott samstarf á starfsárinu og fundi slitið.

Fundargestir hvattir til að ræða málin að fundi loknum.